

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 1/2001

frá 31. janúar 2001

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/2000 frá 2. október 2000⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/21/EB frá 25. mars 1999 um sérþæði sem er notað í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi⁽²⁾, með áorðnum breytingum samkvæmt Stjtið. EB L 2, 5.1.2000, bls. 79, skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 54v (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„54w. **399 L 0021:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/21/EB frá 25. mars 1999 um sérþæði sem er notað í sérstökum læknisfræðilegum, með áorðnum breytingum samkvæmt Stjtið. EB L 2, 5.1.2000, bls. 79 (Stjtið. EB L 91, 7.4.1999, bls. 29).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 315, 14.12.2000, bls. 11 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 59, 14.12.2000, bls. 10.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 91, 7.4.1999, bls. 29.

2. gr.

Texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/21/EB, með áorðnum breytingum samkvæmt Stjtíð. EB L 2, 5.1.2000, bls. 79, á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 31. janúar 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P. K. Mannes

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.